

an kostnað sakarinnar greiði ákærði Emil, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hins, hrl. Theódórs Linds, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1946.

Nr. 144/1945. **Rútur Jónsson** (Hrl. Gútaf A. Sveinsson)

gegn

Jakob Thorarensen (Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Húsaleigumál. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember f. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða úrskurðar verður að staðfesta hann, en rétt þykir, eins og á stendur, að áfrýjandi sé ekki sviptur afnotum húsnæðisins fyrir 14. maí næstkomandi.

Rétt þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, þó svo, að áfrýjanda, Rúti Jónssyni, er ekki skylt að rýma leiguíbúð sína í húsinu nr. 2 A við Skálholtsstíg fyrir 14. maí 1946.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. október 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Jakob Thorarensen, Ljósvallagötu 10 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Rútur Jónsson, verði með beinni fógetagerð borinn út úr íbúð þeirri, sem hann nú býr í í húsinu nr. 2 A við Skálholtið hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Undanfarið hefur gerðarþoli búið í hinni umdeildu íbúð, sem er 3 herbergi og eldhús. Fjölskylda gerðarþola er auk konu hans þrjár upp komnar dætur og dótturdóttir, auk þess dvelur á heimili hans stúlka ofan úr Borgarfirði, sem kom þangað s. l. vor.

Gerðarbeiðandi býr, sem áður getur, á Ljósvallagötu 10 hér í bænum ásamt konu sinni, og virðist ekki vera fleira fólk í heimili hans en þau tvö. Hafa þau þar til íbúðar fjögur herbergi og eldhús, nánar tiltekið borðstofu, setustofu, lítið svefnherbergi og auk þess einkaskrifstofu gerðarbeiðanda, en hann er, sem kunnugt er, rithöfundur. Í skrifstofu þessari geymir gerðarbeiðandi bókasafn sitt, og er því ekki mótmælt, að lítið rúm sé þar fram yfir það, sem fer undir bækurnar. Á s. l. vori losnaði 3 herbergja íbúð á neðstu hæð í húsi gerðarbeiðanda nr. 10 við Ljósvallagötu. Býr þar nú dóttir gerðarbeiðanda, Laufey, ásamt barni sínu, sem fæddist í september s. l. Áðurgreind dóttir gerðarbeiðanda er gift, og telst maður hennar til heimilis í Hafnarfirði og rekur þar verzlun, en því er ómótmælt, að raunverulegt dvalarheimili hans sé á heimili konunnar, þótt hann haldi sínu fyrra heimilisfangi. Ekki hefur því verið haldið fram, að fyrrgreindur tengdasonur gerðarbeiðanda hafi húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína annað en eitt íbúðarherbergi í Hafnarfirði.

Hinn 26. júní s. l. sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp hinni umdeildu íbúð frá 1. þ. m. að telja á þeirri forsendu, að hann þyrfti á íbúðinni að halda til afnota fyrir dóttur sína, Elinborgu, sem þá var væntanleg til landsins frá Ameríku, þar sem hún hefur dvalið frá því í nóvember 1942. Í júlímánuði s. l. kom svo siðarnefnd dóttir gerðarbeiðanda til landsins ásamt manni sínum, sem einnig hefur dvalið ytra við nám. Átti hann, áður en hann fór út, heima á Akureyri, en starfar nú hér í Reykjavík sem starfsmaður flugmálastjórnar, en hann er flugvallarfræðingur að menntun.

Uppsögn þeirri, er áður greinir, neitaði gerðarþoli að hlíta, nema að undangengnum úrskurði, og var uppsögnin lögð fyrir húsaleigunefnd til umsagnar. Með úrskurði, upp kveðnum 10. sept. s. l., tók húsaleigunefnd afstöðu til uppsagnar þessarar. Var niðurstaða úrskurðarins á þá leið, að uppsögnin var ekki tekin til

greina. Byggðist úrskurður húsaleigunefndar á því, að gerðarbeiðandi og fjölskylda hans hefðu svo rúmt húsnæði, að honum væri ekki brýn þörf viðbótar við það til afnota fyrir dóttur sína og fjölskyldu hennar. Sem sakir standa, munu ekki vera aðrir í fjölskyldu margnefndrar dóttur gerðarbeiðanda en þau hjónin, en samkvæmt læknisvottorði, sem lagt var fram fyrir húsaleigunefnd, eiga þau barns von í næsta mánuði.

Kröfur sínar um framgang hinnar umbeðnu gerðar byggir gerðarbeiðandi á því, að sér sé brýn þörf á húsnæði gerðarþola til íbúðar fyrir dóttur sína og fjölskyldu hennar. Mótmælir hann því, að hann eða fjölskylda hans hafi svo mikið húsnæði, að hann geti bætt úr húsnæðiskosti þeirra á annan hátt en að fá íbúð gerðarþola lausa. Sérstaklega bendir gerðarbeiðandi á, að það geti ekki haft áhrif á rétt sinn til að fá íbúð gerðarþola lausa, þótt önnur íbúð hafi losnað í húsnæði sínu s. l. vor. Þá íbúð hafi hann fengið annari dóttur sinni til íbúðar, og hafi hún hennar fulla þörf fyrir sig og fjölskyldu sína. Telur gerðarbeiðandi einnig, að það væri án allrar lagaheimildar að fara að svipta dóttur sína, sem býr á Ljósvallagötu 10, íbúð hennar að nokkru eða öllu leyti og fá öðrum afnot hennar, þar sem heimild húsaleigunefndar til slíkrar úthlutunar á húsnæði sé nú numið úr lögum. Enn hefur gerðarbeiðandi bent á það til styrktar máli sínu um brýna þörf dóttur sinnar fyrir húsnæði, að þau hjón eigi allmikið af húsgögnum, sem þau hafi notað á heimili sínu í Ameríku og haft með sér þaðan, en hvergi getað komið fyrir nema litlum hluta þeirra, og liggi verulegur hluti af þeim hér á skipaafgreiðslu. Telur gerðarbeiðandi, að húsnæðisþörf fólks heri eigi eingöngu að miða við það minnsta, sem komizt verði af með til þess að það geti talizt hafa þak yfir höfuðið, heldur einnig, að það geti komið þar fyrir hóflega miklum húsbúnaði. Gerðarþoli hefur hreyft þeirri mótbáru, að nú nýlega hafi losnað eitt herbergi og eldhús í kjallara hússins nr. 2 A við Skálholtsstig, og hefði gerðarbeiðanda verið hægt að koma dóttur sinni fyrir þar, í stað þess að segja sér upp íbúðinni. Gegn þessari mótbáru hefur gerðarbeiðandi fært það fram, að íbúð sú, sem losnaði í kjallaranum, sé svo litil, að hún sé algerlega ófullnægjandi fyrir dóttur sína og fjölskyldu hennar. Hér sé aðeins um að ræða eitt mjög lítið íbúðarherbergi og sé lofthæð þess tæpast nóg til þess, að það sé íbúðarhæft.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín á því í fyrsta lagi, að fógetarétturinn geti ekki breytt úrskurði húsaleigunefndar. Í öðru lagi byggir hann mótmæli sín á því, að gerðarbeiðandi og fjölskylda hans hafi yfir svo miklu húsrými að ráða, að honum geti ekki talizt brýn þörf að losa íbúð gerðarþola fyrir dóttur sína. Einnig hefur gerðarþoli í þessu sambandi lagt ríka áherzlu á, að gerðar-

beiðandi hafi fengið lausa íbúð á neðstu hæð hússins nr. 10 við Ljósvallagötu s. l. vor, sem hann hafi tekið til afnota fyrir aðra dóttur sína, og búi hún þar við óþarflega rúman húsakost, en maður hennar sé utanbæjarmaður, sem ekki hafi leyfi til að hafa húsnæði á leigu hér í bænum. Enn hefur gerðarþoli, svo sem áður getur, bent á það, að íbúð hafi nýlega losnað í kjallara hússins nr. 2 A við Skálholtsstig og að gerðarbeiðandi hefði getað tekið hana til afnota fyrir dóttur sína. Loks hefur gerðarþoli mótmælt því, að tengdasonur gerðarbeiðanda, sem verið er að losa hina umdeildu íbúð fyrir, sé bæjarmaður í merkingu húsaleigulaganna og sé honum því óheimilt að taka hér íbúð á leigu.

Á það verður ekki fallið, að fúgetarétturinn geti ekki skorið úr um atriði það, sem hér er um deilt, enda hafa dómstólar marg oft felld úrskurði um mat húsaleigunefndar á þörf manna fyrir húsnæði.

Samkvæmt vottorði flugmálastjóra, sem er ómótmælt, er tengdasonur gerðarbeiðanda, sem hyggst að taka hina umdeildu íbúð á leigu, starfsmaður flugmálastjórnarinnar sem sérfræðingur í flugvallastjórn. Verður að telja, að maður, sem gegnir slíkri stöðu fyrir ríkið, sé opinber starfsmaður, og er honum samkvæmt því heimilt að taka leigt hér í bænum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 39 frá 1943.

Fúgeti hefur kynnt sér íbúð þá, er losnaði í kjallara hússins nr. 2 A við Skálholtsstig í haust. Svarar stærð hennar og umbúnaður til þess, sem gerðarbeiðandi hefur lýst og tilgreint er hér að framan, og verður að fallast á, að þar sé ekki um viðunanlegt húsnæði að ræða fyrir margnefnda fjölskyldu.

Gerðarbeiðandi lét af hendi við dóttur sína og fjölskyldu hennar íbúð þá, sem losnaði hjá honum á Ljósvallagötu 10 s. l. vor. Var honum þetta heimilt, þar sem dóttir hans var búsett hér í bænum áður. Verður ekki á það fallið, að í þeirri íbúð sé rúm til að bæta heilli fjölskyldu við það fólk, sem fyrir er. Skiptir hér ekki máli, þótt maður síðastnefndrar dóttur gerðarbeiðanda kunni að teljast utanbæjarmaður. Á það má að visu fallast, að gerðarbeiðandi og kona hans hafi rýmra húsnæði fyrir sig en brýn þörf krefur, en þó ekki svo, að í það verði bætt heilli fjölskyldu, án þess að þau þyrftu að þrengja að sér meira en góðu hófi gegnir, einkum þegar tillit er tekið til þess, að íbúð gerðarbeiðanda er miðuð við þarfir einnar fjölskyldu, og mundi því verða þar mjög lítið pláss, ef henni ætti að skipta í tvo hluta, sem fullnægðu því, að verða sjálfstæðar íbúðir tveggja fjölskyldna.

Af því, sem að framan greinir, leiðir, að leyfa þer framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. apríl 1946.

Nr. 97/1945. **Réttvísín og valdstjórnin**
(Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

Steini Jónssyni (Hrl. Lárus Jóhannesson)
og

Réttvísín (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

Guðmundi Kristjánssyni
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum og á 147. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Með verknaði þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði Steinn Jónsson brotið reglur viðskiptaráðs frá 14. desember 1943, og varðar það við 2. málgr. 9. gr. laga nr. 3/1943. Með því að leggja hinn ranga reikning fyrir verðlagsyfírvöldin hefur hann einnig gerzt sekur við 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Frá þeirri fjárhæð, sem í héraðsdómi er talin ólöglegur ágóði ákærða Steins Jónssonar, ber að draga sölulaun bóksala, 20%. Verður hinn ólöglegi gróði því kr. 3540.00 ÷ kr. 708.00 = kr. 2832.00, sem ber að gera upptækan ríkissjóði til handa.

Brot ákærða Guðmundar Kristjánssonar er í hinum